

Veiðimálastofnunin, júní 1981

Þórir Dan Jónsson, Borgarnesi

X

Leirá í Leirársveit

Þann 25/6 1981 fór fram á vegum Veiðimálastofnunarinnar athugun á Leirá í Leirársveit. Rafveitt var á þremur stöðum í Leirá og á einum stað í Neðri Skarðsá.

Niðurstöður og ályktanir.

Hér á landi er það einkum hitastig sem takmarkar útbreiðslu laxins (þar sem laxengt er þ.e.a.s.), en botngerð og straumlag, þættir sem eru mjög samtvinnaðir, hafa hins vegar mest áhrif á lengdardreifingu seiða á hverjum stað og þar með dánartölu seiðanna. Þar sem botn er fingerður þrífast ekki stór seiði, og er grýttur botn forsenda þess að stór seiði geti þrifist (skjól og fæðuframboð er mest þar).

Samkeppnin um fæðuna getur verið mjög hörð, og laxaseiðin helga sér umráðasvæði sem þau verja gegn ágangi annarra seiða. Ef botninn er grýttur er umráðasvæðið lítið og mörg seiði geta því lifað saman á tiltölulega litlu svæði, en sé malarbotn ríkjandi verður umráðasvæðið miklu stærra, og stór seiði sem ekki finna sér samastað, hrekjast um á milli umráðasvæða annarra seiða, stressast og verða öðrum fiski og fugli að bráð, eða hreinlega drepast af næringarskorti og ofþreytu.

Malarbotn er ríkjandi á neðri hluta Leirár, og uppeldisskilyrðin eru léleg á neðri hlutanum fyrir stór seiði. Efri hluti Leirár er hinsvegar grýttur (fyrir ofan Lambagil), en áin er jafnframt köldust þar. Fékkst aðeins eitt laxaseiði í rafveiðunum við Lambagil. Hugsanlegur flöskuháls fyrir náttúrulegri framleiðslu lax þetta ofarlega í ánni er fyrsta ár seiðanna eftir að þau koma úr hrognin Vegna þess hve áin er köld koma seiðin seint úr hrognin og vaxa lítið fyrir fyrsta veturninn. Þau hafa því ekki öðlast nægan þroska (stærð + holdafar) til þess að lifa af veturninn. Hugsanlega getur slepping "sumaralinna" seiða heppnast fyrir ofan Lambagil en þau seiði eru með forskot fram yfir náttúrulega fædd seiði, jafnvel eins stór og eins árs seiði eru úr ánni að vori. Það er því búið að hjálpa þeim yfir erfiðasta þróskuldinn.

Niðurstöður rafveiðanna eru sýndar á mynd aftast í skýrslunni Við laug hefur sumaröldum seiðum verið sleppt og er hægt að greina "sumaralin seiði" frá náttúrulegum. En vegna lélegs botns og svo samkeppni við náttúruleg seiði um fæðuna verður árangurinn ekki sem skyldi. T.d. veiddist aðeins eitt sumaralið seiði úr sleppingunni 1979. Það má reikna með miklum afföllum á þessum seiðum annað árið, og verður að kenna lélegri botngerð þarum.

Aðgerðir.

1. Hugsanlega má bæta uppeldisskilyrðin í ánni með því að keyra grjóti í ána. Grjótið verður að vera oddhvasst þannig að það læsist saman, og er hugmyndin sú að "klæða" botninn við árbakkann, ca. 1-2 m. út í ána. Slikt er þó aðeins framkvæmanlegt þar sem áin er stöðug og bakkar traustir.

1980 var þetta gert í Laxá í Miklaholtshreppi og í ár var árangur þess kannaður. Veiddust um 150 laxaseiði á stað þar sem einungis örfá seiði höfðu veiðst 1978.

2. Eg tel rétt að prófa sleppingar á sumaröldum seiðum fyrir ofan Lambagil. Hæfilegt magn er 1200-1500 seiði. Seiðunum verður að dreifa mjög vel, og ágætis viðmiðunarregla er sú að sleppa einu seiði fyrir hvert skref sem stigið er, beggja megin árinna.

Ef þetta verður gert er ég tilbúinn að kanna árangur sleppinganna að ári liðnu.

Hér hefur einungis verið minnst á helstu atriði könnunarinnar. Ef einhverjar spurningar vakna út af þessari skýrslu, hafið þá endilega samband við mig. Eins er rétt að hafa samráð við mig ef út í "grjótburð" verður ráðist.

LEIRÁ Í LEIRÁRSVEIT. 25/9 1981.

